

DEILISKIPULAG

# IÐNAÐARSVÆÐI 13 Í NORÐURÞINGI

GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA

12. ágúst – 2021



AVH – Arkitektúr-Verkfræði-Hönnun

Kaupangi v. Mýrarveg      Þingholtsstræti 27  
600 Akureyri                      101 Reykjavík  
Sími: 460 4400                      Sími: 561 4400

[avh@avh.is](mailto:avh@avh.is)  
[www.avh.is](http://www.avh.is)

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 29. janúar 2021 til 12. mars 2021 var samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings þann 20. apríl 2021

---

Sveitarstjóri Norðurþings

Auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_

Deiliskipulag þetta var unnið hjá AVH ehf. í samráði við skipulags- og framkvæmdaráð og sveitarstjórn Norðurþings.

## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	3
2	Forsendur .....	4
2.1	Skipulagssvæðið.....	4
2.2	Helstu einkenni og aðstæður .....	4
2.3	Skipulagsleg staða.....	5
2.3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026 .....	5
2.3.2	Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 .....	5
2.4	Fyrirliggjandi leyfi.....	6
2.5	Verndun svæða .....	7
2.5.1	Fornleifar .....	7
2.6	Náttúruvá.....	7
3	Markmið .....	8
3.1	Helstu viðfangsefni .....	8
3.2	Meginmarkmið.....	8
3.3	Áherslur.....	8
4	Skilmálar .....	9
4.1	Byggðarmynstur og byggingar .....	9
4.2	Lóðir.....	9
4.3	Upplýsinga- og auglýsingaskilti .....	9
4.4	Samgöngur.....	9
4.4.1	Samgöngukerfi og umferðarmannvirki .....	9
4.4.2	Stæði fyrir bíla og önnur farartæki.....	10
4.4.3	Fjarlægð milli bygginga og vega .....	10
4.4.4	Helgunarsvæði og hindrunarfletir samgöngumannvirkja.....	10
4.5	Landmótun, efnistaka og efnislosun .....	10
4.5.1	Frágangur lóða .....	10
4.6	Skipulag við vötn, ár og sjó.....	10
4.7	Veitur og fjarskipti.....	11
4.7.1	Frárennsli .....	11
4.7.2	Borholur .....	11
4.8	Verndun svæða og einstakra mannvirkja.....	11
4.8.1	Fornminjar.....	11
4.9	Náttúruvá.....	11
4.10	Takmarkanir/sérstakir skilmálar.....	11
4.10.1	Lýsing.....	11
4.11	Framkvæmd, áfangaskipting og framkvæmdatími .....	11
5	Umhverfisskýrsla .....	13
5.1	Inngangur.....	13
5.2	Áherslur og aðferðafræði.....	13
5.3	Grunnástand .....	14
5.4	Umfang .....	15
5.5	Umhverfismat .....	17
5.5.1	Vatn og sjór .....	17
5.5.2	Land/sjávarbotn .....	19
5.5.3	Vistkerfi .....	19
5.5.4	Hagrænir og félagslegir þættir .....	20
5.5.5	Náttúru- og menningarminjar .....	20
5.5.6	Umfang umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerðir .....	21
5.6	Vöktun.....	21
5.7	Samantekt.....	21
6	Samráð og kynning .....	23
7	Heimildir .....	25
8	Fylgiskjöl .....	25

## 1 INNGANGUR

Greinargerð með deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði i3 í Norðurþingi ásamt umhverfisskýrslu er í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Greinargerðin er hluti af deiliskipulagi (sjá deiliskipulags uppdrátt nr. A-001 eftir AVH ehf. dags. 12.08.2021) fyrir iðnaðarsvæði merkt i3 í aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.

Samherji fiskeldi ehf., rekstraraðili, stefnir á áframhaldandi uppbyggingu á landeldi í Öxarfirði. Slátrað magn eldisfisks frá stöðinni hefur verið á bilinu 650 til 1.200 tonn á ári síðustu ár. Á árinu 2020 var framleiðslan um 1.600 tonn en hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar er nú um 1.700 tonn á ári. Núgildandi rekstrar- og starfsleyfi heimilar framleiðslu upp á 3.000 tonn á ári. Gert er ráð fyrir stækkun eldisrýmis úr 28.000 í 48.000 rúmmetra og búið er að gefa út nýtt starfs- og rekstrarleyfi fyrir því.

Í tilkynningargögnum var talað um stækkun úr 20.000 m<sup>3</sup> í 42.000 m<sup>3</sup>. Skipulags- og byggingafulltrúi Norðurþings heimilaði árið 2017 niðurrif á nokkrum eldri kerjum og byggingu 4 nýrra í þeirra stað. Þar með fór eldisrými úr um 20.000 m<sup>3</sup> í 28.000 m<sup>3</sup>. Endurskoðuð framleiðsluáætlun sýndi að 48.000 m<sup>3</sup> eldisrúmmál í stað 42.000 m<sup>3</sup> gefur meira svigrúm í eldinu og tryggir betur velferð fisks í eldi þegar 3.000 tonna framleiðslu er náð. Rekstraraðili stefnir að því að vera áfram með sjálfbæra og vistvæna framleiðslu, þar sem engin lyf eru notuð og allri efnanotkun er haldið í lágmarki.

Deiliskipulagið er unnið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 á grunni gildandi aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 og á við 5,6 hektara iðnaðarsvæði i3. Deiliskipulagsmörk fylgja lóðarmörkum fiskeldisins sem eru 8,39 ha að flatarmáli.

Markmið með gerð deiliskipulags, auk almennra markmiða skv. 1.1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru samkvæmt gr. 5.1.1. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013:

- að við skipulag svæða og hönnun mannvirkja sé tekið mið af lýðheilsu, fagurfræði, hagkvæmni, vistkerfi og þeim arfi sem felst í náttúru, landslagi, sögu og menningu svæðis;

## 2 FORSENDUR

### 2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Deiliskipulagið fylgir lóðarmörkum fiskeldisins en lóðin er afmörkuð með girðingu og er 8,39 ha að flatarmáli, innan þeirrar lóðar er lóð utan um spennistöð RARIK. Iðnaðarsvæði i3 skv. aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 nær til 5,6 ha svæðis og fiskeldið verður alfarið staðsett innan þess.

### 2.2 HELSTU EINKENNI OG AÐSTÆÐUR

Iðnaðarsvæðið i3 að Núpsmýri er um 15 km suður af Kópaskeri og um 18 km norður af þjónustumiðstöðinni við Ásbyrgi. Svæðið liggur meðfram Norðausturvegi (85), sjá Mynd 1. Brunná rennur út í Öxarfjörðinn vestan við veginn. Suð-austan við svæðið er Núpsvatn og þar fyrir aftan rís Öxarnúpur. Landið neðan við fjallsbrúnina er slétt. Svæðið er mýrlent en hefur þornað nokkuð á undanförunum áratugum. Svæðið er grösugt og lyngvaxið. Loðvíðir er orðinn áberandi. Brunná er jökulá með talsverðum framburði og er árfarvegur sendinn og leirkenndur. Árósar eru við Svelting og rennur út í Buðlungahöfn. Núpsvatn er grunnt vatn þar sem nokkuð er um vaðfugla og andfugla, þar á meðal álftir og gæsir. Núpsvatn og aðliggjandi votlendi eru friðuð samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og má því ekki raska. Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndarsvæði við Öxarfjörð vegna mikils og fjölbreytts fuglalífs nær ekki beint til lóðarinnar, en stofnunin hefur bent á að það svæði ætti með réttu að ná yfir Núpsvatn og Núpsmýri. Fiskeldisstöðin hefur verið starfrækt þarna frá árinu 1988 eða í 33 ár.



Mynd 1. Loftmynd af svæðinu. Gul skyggða svæðið með blárrí punktalínu er iðnaðarsvæðið. Rauða punktalínan er deiliskipulagsmörkin. Neðri svarta punktalínan sýnir núverandi stofnlögn vatnsveitu/sjólögn, efri punktalínan sýnir fyrirhugaða nýja sjólögn. Sjólagnir eru niðurgrafnar.

Á svæðinu eru ýmiss konar ker til fiskeldis og nokkrar byggingar, sjá Töflu 1, sbr. Fasteignaskrá Þjóðskrár.

Tafla 1. Byggingar á svæðinu samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár.

Matshluti	Heiti	Byggingarár	Stærð
01	Þjónustubygging	1988	486,0 m <sup>2</sup>
24	Afloftunarhús	1989	110,5 m <sup>2</sup>
26	Klakhús	1990	90,0 m <sup>2</sup>
27	Fóðurstöðvarhús	1991	366,0 m <sup>2</sup>
28	Geymsla	1991	380,0 m <sup>2</sup>
38	Rafstöð nr 1	1993	46,9 m <sup>2</sup>
39	Rafstöð nr 2	1993	46,9 m <sup>2</sup>
74	Eldishús lax/silung	2006	4185,8 m <sup>2</sup>
79	Töflurými	2018	14,8 m <sup>2</sup>
80	Slógsöfnunarrými	2019	27,1 m <sup>2</sup>
81	Sláturhús	2011	72,0 m <sup>2</sup>
29	Spennistöð	1980	11,0 m <sup>2</sup>
	<b>Samtals</b>		<b>5.837 m<sup>2</sup></b>

## 2.3 SKIPULAGSLEG STAÐA

### 2.3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Skipulagsstofnun gaf út Landsskipulagsstefnu 2015-2026 í september 2016, sem á að stuðla að samræmingu í stefnumótun um landnotkun og nýtingu lands. Leiðarljós stefnunnar eru, auk markmiða skipulagslaga:

- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.*

Sett eru fram fjögur viðfangsefni um skipulag í landinu. Eitt af viðfangsefnunum er skipulag í dreifbýli. Þar er yfirmarkmið að: *Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.*

Í þessu deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði i3 í Norðurþingi mun verða tekið sérstaklega tillit til þessara markmiða.

### 2.3.2 AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010-2030

Meginforsendur deiliskipulags fiskeldis á iðnaðarsvæði i3, sjá Mynd 2, byggist á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.


Svæðið sem deiliskipulagið nær til er skilgreint í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem iðnaðarsvæði. Sú starfsemi sem er á svæðinu fellur vel að þeim landnotkunar skilgreiningum og ákvæðum. Deiliskipulagið nær til 8,39 hektara svæðis en landnotkunarreitirinn í aðalskipulaginu er skilgreindur sem 5,6 hektarar. Við hliðina á i3 er athafnasvæði A5 sem er 0,1 ha að stærð og er aðveitustöð RARIK og Landsnets.

Í kafla 8.5 Fiskeldi á bls. 23 í greinargerð með Aðalskipulaginu (sýn og meginstefna) er talað um að stuðlað verði að frekari nýtingu vatns og jarðhita til fiskeldis. Ásamt því að stærri fiskeldisstöðvar séu heimilar á iðnaðarsvæðum. Í kafla 23.9 Iðnaðarsvæði á bls. 8 í greinargerð um skipulags dreifbýlis er tafla yfir iðnaðarsvæðin og í töflu 2 hér má sjá lýsingu fyrir svæðið og skipulagsákvæði. Horft er til þess að þessari lýsingu verði breytt í næstu endurskoðun á aðalskipulaginu þar sem starfsemi hefur breyst frá því núgildandi skipulag var ritað.



Tafla 2. Landnotkunarreitir í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem eru innan deiliskipulags svæðisins.

Nr.	Stærð	Svæði	Skipulagsákvæði
i3	5,6	Landeldisstöð fyrir bleikju, lúðu og sandhverfu. Starfsleyfi (útg. 14.6.2005) er fyrir framleiðslu á 200 tonnum af sandhverfu, 800 tonnum af lúðu, 800 tonnum af laxi og 800 tonnum af bleikju á ári, en þó má heildarframleiðsla stöðvarinnar aldrei fara yfir 1600 tonn á ári. Starfsleyfið er bundið við rekstur stöðvarinnar ásamt sláturhúsi við Núpsmýri í Öxarfirði og seiðaeldisstöð að Sigtúnum. Leyfið gildir til 2017.	Svæði fyrir fiskeldi og mannvirki og starfsemi því tengd, í samræmi við starfsleyfi hverju sinni.



Mynd 2. Hluti af aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030. Deiliskipulagssvæðið er merkt i3, dökkgrár hringur neðarlega fyrir miðju myndarinnar. Rauða svæðið á efri hluta myndarinnar er þéttbýlið á Kópaskeri.

## 2.4 FYRIRLIGGJANDI LEYFI

Rekstraraðili fékk úthlutað nýju starfsleyfi 1. febrúar 2019 sem gildir til 31. janúar 2031 sem heimilar 3.000 tonna framleiðslu á laxi og/eða bleikju, sjá fylgiskjal 1. Rekstraraðili fékk úthlutað nýju rekstrarleyfi 25. júní 2020 sem gildir til 25. júní 2036 og heimilar hámarkslífmassa 3.000 tonn af laxi og/eða bleikju.

## 2.5 VERNDUN SVÆÐA

Núpsvatn og aðliggjandi votlendi eru friðuð samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og má því ekki raska. Árið 2018 skilaði Náttúrufræðistofnun Íslands tillögum til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að verndarsvæði við Öxarfjörð vegna mikils og fjölbreytts fuglalífs. Það svæði nær ekki beint til lóðarinnar, en Náttúrufræðistofnun hefur bent á að það svæði ætti með réttu að ná einnig yfir Núpsvatn og Núpsmýri, og að það verði leiðrétt við næstu endurskoðun.

### 2.5.1 FORNLEIFAR

Eftir að Minjastofnun benti á minjar innan svæðisins fól rekstraraðilinn á svæðinu fornleifafræðingi að skrá minjarnar. Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga skráðu minjarnar og í skýrslunni sem var gefin út í júlí 2017 kom fram að 9 tóftir fundust á svæðinu. Nokkrar tóftir eru á áætluðu framkvæmdasvæði. Skammt norðan skipulagsmarka eru fornminjar í landi Daðastaða. Framkvæmdir innan lóðar fiskeldisins munu ekki hafa áhrif á þær minjar.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir rannsakaði fornleifarnar með uppgreftri. Í skýrslu (gefin út 22.nóv 2017) hennar kemur fram að tóftirnar sem eru inn á framkvæmdasvæðinu eru leifar heytófta, þ.e. upphækkaðra þústa með óverulegum veggjum þar sem heyi var stafað upp og það geymt. Rekstraraðili fór þá fram á leyfi til að raska tóftunum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og svaraði Minjastofnun Íslands því jákvætt með bréfi dagsettu 12. desember 2017.

## 2.6 NÁTTÚRUVÁ

Deiliskipulagssvæðið er á þekktu jarðskjálftasvæði. Því þarf að hanna öll mannvirki sem rísa með hliðsjón af því. Ekki eru þekktar sprungur á skipulagssvæðinu.



## 3 MARKMIÐ

### 3.1 HELSTU VIÐFANGSEFNI

Helstu viðfangsefnin eru að afmarka deiliskipulagssvæðið og byggingarreiti og setja skilmála til að halda utan um uppbyggingu iðnaðarsvæðisins.

Gerð verður grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, nýtingarhlutfalli og öðrum ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi.

### 3.2 MEGINMARKMIÐ

Markmiðið með deiliskipulaginu er að setja skilmála fyrir stækkun fiskeldisins á Núpsmýri, þannig að rekstraraðilinn á svæðinu geti haldið áfram uppbyggingu á starfseminni. Einnig er tekið tillit til umhverfisins og reynt að takmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

### 3.3 ÁHERSLUR

Áherslur í deiliskipulaginu eru að ný mannvirki falli vel að eldri mannvirkjum sem og náttúrunni í kring. Einnig verður áhersla lögð á að koma til móts við þau umhverfisáhrif sem kunna að koma upp við framkvæmdir samkvæmt nýju deiliskipulagi.

Markmiðið er að endurnýta vatn í eldinu sem mest og draga þannig úr frumdælingu vatns. Það gefur aukna möguleika á söfnun næringarefna í frárennsli sem gerir starfsemina umhverfisvænni en ella. Frárennsli frá nýjum kerjum verður hreinsað í nýrri frárennslis hreinsistöð.

## 4 SKILMÁLAR

### 4.1 BYGGÐARMYNSTUR OG BYGGINGAR

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í meginráttum og hæðartölur á landi við mannvirki, bílastæði, skjólveggi og girðingar og annað sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

#### Reitur 1:

Reitur 1 er 53.972 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall á reitnum er 0,45 svo svigrúm sé til staðar að byggja yfir ker á lóðinni síðar ef þörf krefur. Einnig er gert ráð fyrir um 100-200 m<sup>2</sup> hreinsistöð. Heildar leyfilegt byggingarmagn samkvæmt deiliskipulaginu er 24.287 m<sup>2</sup>. Núverandi byggingarmagn er 5.837 m<sup>2</sup>. Leyfileg aukning byggingarmagns verður því 18.450 m<sup>2</sup>. Hámarks hæð bygginga er 14 metrar, mænishæð frá megingólfi. Núverandi skemmubygging á lóðinni er rúmlega 13 metrar. Leyfilegt verður að reisa einstaka síló eða sambærilegt mannvirki í allt að 20 metra hæð en heildarflötur mannvirkja hærri en 14 m skal ekki meiri en 100 m<sup>2</sup>.

Leyfilegt er að fjarlægja nokkrar byggingar á þessum reit, sjá deiliskipulags uppdrátt nr. A-001.

Á byggingarreit 1 er leyfilegt að byggja þann fjölda og stærð kerja sem þarf þannig að farið sé eftir starfs- og rekstrarleyfi. Ný fiskeldisker geta verið 750-4.000 rúmmetrar og allt að 8 metrar djúp og grafin niður að mestum hluta. Gert er ráð fyrir heildarstækkun eldisrýmis úr 28.000 í 48.000 rúmmetra.

#### Reitur 2:

Reitur 2 er 2.480 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall er 0,65. Gert er ráð fyrir um 1.500 m<sup>2</sup> seiðastöð á þessum reit. Hámarks hæð bygginga er 14 metrar, mænishæð frá megingólfi. Leyfilegt verður að reisa einstaka síló eða sambærilegt mannvirki í allt að 20 metra hæð en heildarflötur mannvirkja hærri en 14 m skal ekki meiri en 100 m<sup>2</sup>.

### 4.2 LÓÐIR

Innan deiliskipulagssvæðisins eru tvær lóðir. Lóðarmörk fiskeldislóðar er sýnd á uppdrætti og eru þau sömu og deiliskipulagsmörk en að auki er gert ráð fyrir lóð undir núverandi spennistöð RARIK.

### 4.3 UPPLÝSINGA- OG AUGLÝSINGASKILTI

Samkvæmt 72. gr. í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur, þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að svipmóti lands sem og að það skyggi ekki á vegsýn frá tengingu inn á athafnasvæðið. Leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir upplýsinga- og auglýsingaskiltum séu þau innan veghelgunarsvæðis.

### 4.4 SAMGÖNGUR

#### 4.4.1 SAMGÖNGUKERFI OG UMFERÐARMANNVIRKI

Aðkoma að svæðinu er um veg frá Norðausturvegi (85). T-gatnamót eru við þjóðveginn vestan við svæðið og vegurinn liggur síðan fyrir sunnan núverandi mannvirki á svæðinu. Nokkrir vegslóðar eru á svæðinu sem tengja öll mannvirkin saman. Aðkoma að nýjum mannvirkjum verður um núverandi vegslóða.

#### 4.4.2 STÆÐI FYRIR BÍLA OG ÖNNUR FARARTÆKI

Fjöldi bílastæða innan lóðar skal miðast við skilyrði í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og skulu bílastæði anna þeirri starfsemi sem verður á lóðinni á mestu annatímum.

#### 4.4.3 FJARLÆGÐ MILLI BYGGINGA OG VEGA

Í júlí 2018 var haft samráð við Vegagerðina um gerð jarðvegsmanar á lóðarmörkum að vestan þar sem heimilað var að fláarfótur væri allt að 19,5m frá miðlínu vegar. Í tölvupósti þann 2. desember 2020 var það álit Vegagerðarinnar staðfest og þar kemur einnig fram eftirfarandi: „Vegagerðin gerir ekki athugasemd við að byggingarreitur sé skilgreindur á bak við mön, enda er mönin álitin verja mögulega hindrun sem byggingar geta talist m.t.t. umferðaröryggis og reiturinn er staðsettur utan öryggissvæðis þjóðvegarsins. Auk þess hefur sú ályktun þegar verið dregin að snjósöfnun af mön og þar af leiðandi byggingum teljist ólíkleg.“

Áður en gefið er framkvæmdaleyfi þarf að sækja um undanþágu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá d-lið 5.3.2.5. gr. í Skipulagsreglugerð nr.90/2013, að byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.

#### 4.4.4 HELGUNARSVÆÐI OG HINDRUNARFLETIR SAMGÖNGUMANNVIRKJA

Norðausturvegur (85) er stofnvegur og því almennt gert ráð fyrir 30 m veghelgunarsvæði. Eins og áður hefur verið sagt hefur Vegagerðin heimilað gerð jarðvegsmanar með fláafót ekki nær vegi en 19,5 metrum frá miðlínu og mannvirkja þar fyrir innan. Gert er ráð fyrir 8 m breiðri mön með 45° halla í um 20 m fjarlægð frá miðlínu.

### 4.5 LANDMÓTUN, EFNISTAKA OG EFNISLOSUN

#### 4.5.1 FRÁGANGUR LÓÐA

Almennt skal frágangur lóðar vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við reglugerðir og lög.

Frágangur við borholur skal vera góður þannig að engin hætta geti skapast. Malarplön slétt kringum svæðin, holuendi snyrtur og frágenginn með öruggum hætti.

Reist verður um 4 metra há jarðvegsmön eftir mest allri vestur hlið lóðarinnar. Gert er ráð fyrir að nýta jarðvegsefni sem kemur við uppgröf í byggingu nýrra eldiskerja við gerð manarinnar. Fláafótur verður ekki nær en 19,5 metrum frá miðlínu vegarsins. Jarðvegsmönin mun vera gróður vaxin og verða til þess að svæðið í heild falli enn betur að umhverfinu. Ekki er talið líklegt að mönin valdi aukinni snjósöfnun á veginum þar sem svæðið er fremur snjólétt svo nærri sjó, samkvæmt Vegagerðinni.

Ekki skal raska meira landi í hverjum byggingaráfanga en fyrirhugað er að nýta í viðkomandi áfanga undir byggingar og athafnasvæði.

#### 4.6 SKIPULAG VIÐ VÖTN, ÁR OG SJÓ

Almenningur hefur og mun hafa áfram fullan aðgang að Núpsvatni enda liggur deiliskipulagssvæðið ekki upp að vatninu. Ekki er leyfilegt að reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 metrum samkvæmt 5.3.2.14. gr. í Skipulagsreglugerð nr.90/2013.

## 4.7 VEITUR OG FJARSKIPTI

### 4.7.1 FRÁRENNSLI

Frárennsli stöðvarinnar fer í tvær settjarnir og þaðan rennur frárennslið í ána Brunná u.þ.b. 1,9 km frá árósum út í Öxarfjörð. Frárennsli frá nýjum kerjum verður hreinsað í nýrri frárennslis hreinsistöð. Gert er ráð fyrir að hreinsistöðin verði í norð-vestur enda lóðarinnar og að stærð hennar verði um 100-200 fermetrar.

### 4.7.2 BORHOLUR

Dæling á fersku köldu vatni úr borholum miðast við að ekki verði farið yfir 500 l/sek. Þar að auki er dælt um 600-800 l/sek af ísöltu vatni úr borholum sem er 10-36 °C heitt. Til viðbótar við vatnsöflun úr borholum er sjó dælt úr drenlögnum úr fjörunni sem er rúmlega 1 km frá eldisstöðinni. Aukinni vatnspörf vegna nýrra kerja verður að lang mestu leyti mætt með aukinni sjódælingu en að einhverju leyti úr borholum sem eru með volgu ísöltu vatni. Sýna þarf fram á samþykki fyrir afnot á aðliggjandi landi áður en farið verður í framkvæmdir við stækkun.

Heimilt er að bora eftir jarðsjó og/eða ferskvatni innan lóðar samkvæmt 14. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt 2. kafla 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þarf lóðarhafi að tilkynna framkvæmd til Skipulagsstofnunar ef gert er ráð fyrir að vinna að minnsta kosti 100 l/sek. Í matskyldu fyrirspurn ákvarðaði Skipulagsstofnun að áformuð stækkun hafi líklega ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

## 4.8 VERNDUN SVÆÐA OG EINSTAKRA MANNVIRKJA

Núpsvatn og aðliggjandi votlendi eru friðuð samkvæmt 61 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og má því ekki raska. Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndarsvæði við Öxarfjörð vegna mikils og fjölbreytts fuglalífs nær ekki beint til lóðarinnar, en stofnunin hefur bent á að það svæði ætti með réttu að ná yfir Núpsvatn og Núpsmýri.

### 4.8.1 FORNMINJAR

Sjá kafla 2.5.1

## 4.9 NÁTTÚRUVÁ

Deiliskipulagssvæðið er á þekktu jarðskjálftasvæði og því verður að taka mið af því við hönnun á nýjum mannvirkjum.

## 4.10 TAKMARKANIR/SÉRSTAKIR SKILMÁLAR

### 4.10.1 LÝSING

Lóðarhafa er frjálst að lýsa upp lóð og mannvirki innan sinnar lóðar. Velja skal lýsingu við hæfi og takmarka sýnilega ljósmengun frá Norðausturvegi þannig að sem minnstri truflun valdi fyrir vegfarendur. Jarðvegsmönin ætti að draga nokkuð úr ljósmengun á þjóðveginn.

### 4.11 FRAMKVÆMD, ÁFANGASKIPTING OG FRAMKVÆMDATÍMI

Fyrirhugað er að byggja 5-8 ný ker, frárennslis hreinsistöð og seiðastöð. Þar að auki stendur til að rífa nokkur eldri ker og byggingar og reisa ný ker á þeim grunni. Áætlað er að nýta jarðvegsefni sem fellur til við framkvæmdina í mön meðfram Norðausturvegi. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið fyrir árslok 2025.



SKÝRINGARMYND ⊕ 0 25 50 100m

Mynd 3. Skýringarmynd, fyrirhuguð staðsetning mannvirkja á svæðinu.

## 5 UMHVERFISSKÝRSLA

### 5.1 INNGANGUR

Þessi umhverfisskýrsla er gerð í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem hluti af deiliskipulagi fyrir fiskeldi við Núpsmýri á iðnaðarsvæði i3 samkvæmt Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030.

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Megintilgangur umhverfisskýrslunnar er að greina annars vegar frá helstu umhverfisáhrifum sem deiliskipulagið gæti leitt til og hins vegar mótvægisáðgerðum og tillögu um vöktun ef þörf er á. Markmið matsvinnunnar er meðal annars að sýna fram á að við gerð deiliskipulagsins hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið, byggt á fyrirbyggjandi gögnum.

#### TILKYNNING OG MATSSKYLDA

Rekstraraðili tilkynnti Skipulagsstofnun um fyrirhugað skipulag samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og óskaði eftir ákvörðun um matsskyldu, þann 1. mars 2017

Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi verkefnið til Skipulagsstofnunar dags 23. mars 2017 ásamt 6 öðrum opinberum aðilum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, dagsett 9. Júní 2017, vegna erindisins var að stækkun á fiskeldinu að Núpsmýri væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Deiliskipulagið fellur engu síður undir lög um umhverfismat áætlana.

#### SKIPULAGSLEG STAÐA

Sjá kafla 2.3

### 5.2 ÁHERSLUR OG AÐFERÐAFRÆÐI

Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana (2007) og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa (2005). Umhverfismatið byggir á vettvangsathugunum og fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis ásamt gögnum sem aflað var vegna fyrirspurnar um matsskyldu.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum:

1. Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
2. Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa einstaka umhverfisþátta á svæðið.



5.3 GRUNNÁSTAND



Mynd 4. Yfirlitsmynd yfir svæðið, horft til suð-vesturs. Mynd: Samherji fiskeldi ehf. 2016



Mynd 5. Yfirlitsmynd yfir svæðið, horft til norð-austurs. Mynd: Samherji fiskeldi ehf. 2016.

---

## STAÐHÆTTIR

Sjá kafla 2.2

---

### ÁN FRAMFYLGÐAR ÁÆTLUNARINNAR

Ef ekki verður ráðist í framkvæmdir samkvæmt deiliskipulaginu mun það ekki breyta aðstæðum á svæðinu mikið til langs tíma litið. Ef ekki næst fram framleiðsluaukning á svæðinu með fjölgun eldiskerja, mun rekstur fyrirtækisins ekki verða eins samkeppnishæfur og hann gæti orðið með breytingunum. Lóðin er nú þegar að mestu röskuð og núverandi starfsemi skilar frá sér lífrænum úrgangsefnum í frárennsli til viðtaka.

#### 5.4 UMFANG

Í upphafi deiliskipulagsgerðar var lagt mat á hvaða umhverfisþætti væri nauðsynlegt að skoða með tilliti til umhverfisáhrifa, hversu ítarlegt matið skyldi vera og hvaða viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Metin voru þau stefnumið (framkvæmdaþættir) sem talin voru líkleg til að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum.

Þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar verða einnig metnir. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna deiliskipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

---

#### FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Framkvæmdaþættir eru þær framkvæmdir sem farið verður í samkvæmt deiliskipulaginu sem geta haft áhrif á umhverfi. Sem dæmi má nefna byggingarframkvæmdir, jarðrask og aðrar athafnir af mannavöldum.

Þættir framkvæmda sem fylgja þessu deiliskipulagi og gætu valdið jákvæðum eða neikvæðum umhverfisáhrifum eru:

- Uppbygging mannvirkja, eldiskerja
- Aukin dæling á volgu/heitu vatni
- Jarðvegsmön
- Áhrif frárennslis frá fyrirhuguðum eldiskerjum til sjávar
- Aukning í framleiðslu og hagræðing í rekstri

---

#### UMHVERFISÞÆTTIR

Samkvæmt leiðbeiningariti frá Skipulagsstofnun (2005) geta umhverfisþættir verið flokkaðir í átta mismunandi flokka. Þeir umhverfisþættir sem skipulagið gæti helst haft áhrif á eru:

- Vatn og sjór
- Land/sjávarbotn
- Vistkerfi
- Hagrænir og félagslegir þættir
- Náttúru- og menningarminjar

Fjallað er um viðeigandi umhverfisþætti hér á eftir. Flokkarnir andrúmsloft og veðurfar, heilsa og öryggi og landslag eiga ekki við um þetta deiliskipulag.

## UMHVERFISVIÐMIÐ

Í deiliskipulaginu eru ákveðin umhverfisviðmið lögð til grundvallar. Þau umhverfisviðmið sem notuð eru við umhverfismat hvers umhverfisþáttar fyrir sig eru listuð hér að neðan í töflu 3. Önnur viðmið sem höfð voru til hliðsjónar auk Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 voru:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Tafla 3. Umhverfisviðmið sem notuð eru við umhverfismat hvers umhverfisþáttar.

Umhverfisþættir	Stefnuskjöl og viðmið
Vatn og sjór	Vatnalög nr. 20/2006 Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027
Land/sjávarbotn	Náttúruminjaskrá, 7. Útgáfa, 1996, með síðari viðbótum Náttúruverndaráætlun 2009-2013 Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
Vistkerfi	Náttúruminjaskrá, 7. Útgáfa, 1996, með síðari viðbótum Náttúruverndaráætlun 2009-2013 Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
Hagrænir og félagslegir þættir	Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
Náttúru- og menningarminjar	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Landslag	Náttúruminjaskrá, 7. Útgáfa, 1996, með síðari viðbótum Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020

## VÆGI UMHVERFISÁHRIFA

Vægi umhverfisáhrifa er mælikvarði (huglægur eða mælanlegur) á umhverfisáhrif, til dæmis hvort þau eru talin óveruleg, talsverð eða veruleg. Vægið er metið samkvæmt viðmiðum í 10. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Framsetningin er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana.

Tafla 4. Vægi umhverfisáhrifa.

Vægi / einkunn	Skýring
++	Verulega jákvæð
+	Talsvert jákvæð
0	Óveruleg
-	Talsvert neikvæð
--	Verulega neikvæð
?	Óvissa

## 5.5 UMHVERFISMAT

Hér verður fjallað um þau áhrif sem framfylgd deiliskipulagsins gæti haft á ákveðna umhverfisþætti.

### 5.5.1 VATN OG SJÓR

#### VATNSBÚSKAPUR

Vatni og sjó sem þarf til eldisins er dælt úr borholum á svæðinu og drenlögnum sem eru staðsettar í fjörunni niður við sjávarmál. Um er að ræða nokkuð margar borholur á lóðinni og svæðinu um kring, sem eru mismunandi að seltu og hita. Vatnspörf laxfiska í eldi er áætluð um 0,15 l/sek/kg (Thorarensen, H & Farrel, A.P. 2011). Mestur lífmassi í fullri stöð eftir stækkun verður á bilinu 1.500-1.700 tonn en vatnspörf fyrir slíkan lífmassa er þá á bilinu 3.750-4.250 l/sek. Gert er ráð fyrir að draga úr frumdælingu með því að endurnýta a.m.k. 50% af vatninu. Þannig er áætlað að heildar vatnspörfin eftir stækkun verði um 2.500 l/sek. Í dag annar vatns/sjódæling að hámarki um 1.700 l/sek og aukinni vatnspörf eftir fulla stækkun verður að mestu leyti náð með aukinni sjódælingu en einnig með aukningu úr volgum ísöltum borholum á umráðasvæði félagsins (bls. 4 í tilkynningu).

Orkustofnun hefur gert nokkrar athuganir á vatnsbúskapnum á svæðinu og gerði m.a. stóra úttekt á Öxarfirði á árunum 1987 og 1988 í samvinnu við sveitarfélögin í héraðinu sem miðaði að því að afla grunnupplýsinga um ferskvatn og jarðhita á svæðinu og að kanna sérstaklega aðstæður til matfiskeldis í austanverðum Öxarfirði. Í því skyni voru boraðar 8 rannsóknarholur eftir jarðsjó og jarðhita. Niðurstöður úttektarinnar voru almennt mjög jákvæðar og þar kemur fram að það er mikið og gott framboð á ferskvatni á svæðinu (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1989).

Í Öxarfjarðarhreppi og Núpasveit er sprungubelti sem liggur um héraðið. Þar eru allmörg lindarsvæði sem gefa af sér 0,5-3 m<sup>3</sup>/sek og talið er að heildar afrennsli svæðisins sé hátt í 10 m<sup>3</sup>/sek. Mjög góður árangur var af borunum eftir volgu og köldu vatni á þeim stað sem eldisstöðin var síðan byggð og efnagreiningar sýndu jafnframt að vatnið var mjög vel hæft til fiskeldis. Einnig kemur fram í skýrslunni að hitasvæðin úti á söndum Öxarfjarðar séu einstök á Íslandi og að jarðhitinn komi þar upp í setlagastafla sem er um 1 km á þykkt. Boranir eftir jarðsjó lofuðu ekki góðu en í skýrslunni kemur fram að heimamenn hafi í framhaldinu gert tilraunir með dælingu sjávar úr drenlögnum og að þær lofi góðu (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1989). Sjódæling úr drenlögnum hefur þróast með árunum og hefur sannað ágæti sitt. Sjódæling og stofnlagnir fyrir sjó er í landi Akursels vestan við lóðina Núpsmýri og er ekki hluti af þessu deiliskipulagi.

Núverandi afkastageta borhola við stöðina er um 1.000 l/sek og af því vatnsmagni eru tæplega 500 l/sek ferskvatn. Annað borholuvatn er ísalt með 4-24 prómill (ppt) seltu. Afkastageta sjódræna er í dag um 600-700 l/sek. Sjódrenlagn er raufað stálrör sem er grafið niður í fjörusandinn, u.þ.b. 3-4 metra niður fyrir stórstraumsfjöruborð í flæðarmálinu. Frá drenröri liggur svo lögn í sandinum að dæluhúsi en þar eru staðsettar dælur sem dæla sandsíuðum sjó heim að fiskeldisstöðinni. Til stendur að auka afköst sjódræna og ná þannig í 700-900 l/sek til viðbótar af saltvatni. Að vetri þegar sjór er kaldur þarf að koma til meira af heitu vatni úr borholum og verður leitað leiða til að ná fram aukningu á dælingu á volgu eða heitu vatni.

Í fyrrnefndri rannsóknarskýrslu sem var gerð af Orkustofnun (Lúðvík S. Georgsson o.fl., 1989) um skilyrði til fiskeldis í Öxarfirði kemur fram að miklu magni af köldu ferskvatni er hægt að ná úr borholum á svæðinu með litlum niðurdrætti. Einnig er auðvelt að bora eftir volgu og heitu vatni sem gera aðstæður til fiskeldis á Núpsmýri sérlega hagstæðar. Þær athuganir sem gerðar hafa verið á svæðinu og reynsla af dælingu undanfarna áratugi benda til þess að sú framkvæmd muni ekki að hafa teljandi áhrif á grunnvatnsstöðu svæðisins (bls. 11 í tilkynningu).

Komið hafa athugasemdir fram þar sem talið er að vatnsdæling úr borholum hafi valdið þornun á votlendi á svæðinu. Umhverfisráðuneytið úrskurðaði í kærumáli um sama mál árið 2001 og staðfesti þá að vatnstaka

rekstraraðilans hefði ekki áhrif á votlendið, byggt á greinargerð frá Orkustofnun. Í úrskurðinum segir orðrétt: „Mat Orkustofnunnar er að það sé ekkert sem bendir til að vatnstaka [rekstraraðilans] hafi áhrif á grunnvatnshæð Núpsmýrar/Daðastaða mýrar heldur gæti skýringa verið að leita annarsstaðar. Kærandi, starfsleyfishafi og umsagnaraðilar eru sammála um að mýrar í nágrenni Brunnár hafi þornað, en einnig að ekki sé ljóst af hverju, en Orkustofnun tekur þó fram að nýting [rekstraraðilans] hafi ekki áhrif á vatnabúskap Núpsmýrar.“

Rekstraraðili hefur að eigin frumkvæði gert drög að vöktunaráætlun fyrir Núpsvatn og vistkerfi þess sem til stendur að koma í framkvæmd fyrir lok júní 2021. Reglubundin vöktun verður á líffræðilegum gæðapættum, vatnsformfræðilegum gæðapættum og efna- og eðlisfræðilegum gæðapættum. Í áætluninni er gert ráð fyrir því að taka jafnframt sýni úr öðru vatni á svæðinu og verða niðurstöður þeirra mælinga notaðar sem viðmið. Áætlunin er í vinnslu í samvinnu við Náttúrustofu Norðausturlands.

## FRÁRENNSLI

Fiskeldið fer eftir ströngum skilmálum Umhverfisstofnunnar og Matvælastofnunnar og fylgir vöktunaráætlun skv. starfsleyfi. Í því felast reglubundnar mælingar á lífrænum efnum og svifögnum í frárennsli. Upplýsingar um vöktun og önnur skilyrði má sjá í Fylgiskjali 1.

Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar er gerð grein fyrir rannsóknum á losun úrgangsefna í laxeldi og mælingum og viðmiðum á efnum sem losna út í umhverfið. Þar kemur fram að hefðbundið fóður í eldi laxfiska inniheldur um 51% kolefni (C), 7% köfnunarefni (N) og 1,2% fosfór (P). Um 70% af kolefni er losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn úrgangur. Þetta samsvarar því að frá 3.000 tonna eldi eru losuð rúm 1.200 tonn af kolefni. Um 48% af því magni er losað vegna öndunar sem koltvísýringur, 19% í formi úrgangsefna og 30% nýtist í vöxt. Af því köfnunarefni sem er í fóðrinu losnar um 62% út í umhverfið, 38% nýtast til vaxtar, 45% er losað út á uppleystu ólífrænu formi og 15% á föstu formi sem lífrænt köfnunarefni. Um 70% af þeim fosfór sem er í fóðrinu er losaður út í umhverfið sem lífrænn (44%) og ólífrænn úrgangur (18%).

Frárennsli stöðvarinnar fer í tvær settjarnir, sem uppfyllir skilyrði starfsleyfis um fyrsta stigs hreinsun. Úrgangsefni í föstu formi setjast á botninn og þaðan rennur frárennslið í ána Brunná eftir að hún hefur sameinast jökulánni Sandá sem er kvísl úr Jökulsá á fjöllum. Eiginleikar og vöxtur árinna þar sem hún rennur fram hjá Núpsmýri sveiflast því í takt við ástandið í Jökulsá á Fjöllum. Frárennslið kemur í ána rétt við árósin eða tæplega 2 km frá útrás til sjávar (sjá Mynd 1). Settjarnir voru tæmdar árið 2019 og skal það gert á þriggja ára fresti samkvæmt starfsleyfi. Við ákveðin veðurskilyrði getur orðið vart við lykt frá settjörnum. Umhverfisstofnun hefur gefið leyfi fyrir að nýta seyruna úr settjörnum á uppgræðslusvæði sem skilgreind eru af Landgræðslunni. Á árinu 2019 var seyran losuð á uppgræðslusvæði í landi Snartarstaða.

Fyrirhugað er að frárennsli frá nýjum kerjum verði hreinsað í hreinsistöð sem uppfyllir skilyrði um hreinsun.

Í þau rúmlega 30 ár sem fiskeldi hefur verið stundað að Núpsmýri hefur ekkert komið fram sem bendir til að starfsemi þess hafi haft neikvæð áhrif á viðtakann. Umhverfisstofnun hefur ekki gert alvarlegar athugasemdir við starfsemina og losun lífrænna efna hefur undantekningalaust verið undir settum mörkum.

Áhrif	Skýring	Vöktun
-	Neikvæð áhrif miðað við rannsóknir og sýnistökur. Þar sem aukinni vatnspörf er mætt með aukinni sjódælingu og endurnýtingu vatns, og frárennsli er innan leyfilegra marka, eru þetta takmörkuð áhrif.	Orkustofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun, MAST og rekstraraðili.



## 5.5.2 LAND/SJÁVARBOTN

### JARÐMYNDANIR

Jarðrask mun verða við framkvæmdir á svæðinu og þá sér í lagi við gerð nýrra kerja, seiðastöðvar og hljóðmana. Lóðin er nú þegar að mestu röskuð en eins og áður hefur komið fram þá hefur fiskeldið verið starfrækt á staðnum í rúmlega 30 ár. Áhrif eru eingöngu staðbundin en hér eru ekki jarðmyndanir sem njóta sérstakra vernda eins og til dæmis eldvörp, gervigígar og eldhraun.

Núpsvatn og aðliggjandi votlendi eru friðuð samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og má því ekki raska.

Áhrif	Skýring	Vöktun
0	Óveruleg áhrif vegna umfangs svæðis og vægi áhrifa.	Umhverfisstofnun og rekstraraðili.

## 5.5.3 VISTKERFI

### GRÓÐURFAR

Gróður á lóðinni samanstendur að mestu af grasbölum, lággróðri og loðvíði. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrustofnunar Íslands er svæðið að mestu leyti Eyðimelavist (L1.1). Á svæðinu í kring er mikið um Fjalldrapamóavist (L10.6) en einnig mólendisvistgerðir á borð við; Flagmóavist (L10.2), Starmóavist (L10.3), Grasmóavist (L10.4), Fléttumóavist (L10.5) Lyngmóavist á hálandi (L10.7) og Lyngmóavist á láglandi (L10.8). Einnig er votlendi (Starungsmýravist (L.8.9)), moslendi (mest Hélumosavist (L5.1)) og Víðimelavist (L1.4) og Sanda- og vikravist (L1.5) á svæðinu í kring.

Við framkvæmdir verður reynt að raska ekki eða sem allra minnst þeim vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Þær eru að mestu leyti til hliðar við svæðið og í mjög litlu magni og því er ekki talin mikil hætta á raski. Lóðin er nú þegar að mestu röskuð en það væri aðeins rask á gróðri í suður horni lóðarinnar, þar sem seiðastöð er áætluð, sem og í norður enda lóðarinnar þar sem hreinsistöðin. Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verða eingöngu staðbundin á svæðinu sem byggt verður á en óveruleg utan þess.

### LÍFRÍKI

Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á fuglavarpi innan lóðar. Ekki er vitað til þess að fuglategundir á valista verpi á lóðinni. Ætla má að áhrif á varp verði mjög staðbundin og þá mest tímabundin vegna truflunar á framkvæmdatíma. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ráð fyrir að verndarsvæði við Öxarfjörð vegna mikils og fjölbreytts fuglalífs ætti með réttu að ná yfir Núpsvatn og nágrenni og verður það leiðrétt fyrir næstu endurskoðun. Sú staðreynd ætti ekki að breyta umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf. Fjölbreytt fuglalíf er á svæðinu og hefur verið samhliða fiskeldinu í rúmlega 30 ár. Áhrifin verða óveruleg og aðeins tímabundin á framkvæmdatíma.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir aukningu á dælingu ferskvatns, er talið að aukin eldisframleiðsla muni ekki valda niðurdrætti vatnsyfirborðs í Núpsvatni og Núpsmýri frá því sem nú er. Þar með er ekki tilefni til að ætla að lífríki mýrarinnar utan lóðar breytist verulega vegna aukinnar framleiðslu. Rekstraraðili hyggst vakta Núpsvatn og vistkerfi þess, sjá kafla 5.6.

Rekstraraðili telur að þrátt fyrir að vatnsmagn frá eldinu muni aukast, muni það ekki hafa teljandi áhrif á lífríki í árósum Brunnár. Eins og áður hefur verið bent á er um jökulvatn að ræða með gríðarmikinn framburð á aur yfir heitasta tíma ársins, en þar að auki kemur frárennslið í ána stutt frá sjávarmáli (bls. 12 í tilkynningu).



Hætta á sleppingum lifandi fisks frá landeldi er hverfandi þar sem tvöfalt kerfi varnar fiski frá því að sleppa. Í fyrsta lagi eru ristar í kerjunum sjálfum sem halda fiskinum í kerjunum og í öðru lagi er stálgrind í frárennsli stöðvarinnar frá settjörnum sem varnar því að fiskur geti borist út í Brunná. Ekki hefur borið á því að fiskur hafi sloppið úr stöðinni til sjávar öll þau ár sem eldi hefur verið starfrækt að Núpsmýri (bls. 12 í tilkynningu). Frárennsli nýrra kerja verður hreinsað í hreinsistöð og engin hætta er á að fiskur sleppi þar í gegn.

Áhrif	Skýring	Vöktun
0	Staðbundin áhrif á gróðurfar og tímabundin áhrif á framkvæmdatíma á lífríki eru talin óveruleg.	Umhverfisstofnun og rekstraraðili.

#### 5.5.4 HAGRÆNIR OG FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

##### EFNAHAGUR OG ATVINNULÍF

Stækkun og aukin framleiðslugeta rekstraraðilans ásamt betri nýtingu núverandi mannvirkja mun hafa jákvæð og langvarandi áhrif á nærumhverfi félagsins. Störfum mun fjölga hjá félaginu tímabundið á framkvæmdatíma en varanlega að framkvæmdartíma loknum. Væntanleg fjölgun starfa er um 3-6 þegar að öll mannvirki eru komin í fulla nýtingu. Efnahagur rekstraraðila mun batna með meiri framleiðslu og aukinni hagræðingu í orku- og vatnsnotkun.

Öruggari og hagkvæmari rekstur fyrirtækisins skilar bættum framtíðarhorfum starfsmanna. Öll þjónusta sem félagið kaupir í dag mun aukast umtalsvert sem og öll vörukaup frá því sem nú er.

##### BYGGÐ OG EFNISLEG VERÐMÆTI

Efnisleg verðmæti í nýjum atvinnu mannvirkjum eru jákvæð.

Áhrif	Skýring	Vöktun
+	Talsvert jákvæð áhrif á efnahag og efnisleg verðmæti rekstraraðilans.	Rekstraraðili.

#### 5.5.5 NÁTTÚRU- OG MENNINGARMINJAR

##### FORNLEIFAR

Eftir að Minjastofnun benti á minjar innan svæðisins fól rekstraraðilinn á svæðinu fornleifafræðingi að skrá minjarnar. Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga skráðu minjarnar og í skýrslunni sem var gefin út í júlí 2017 komu fram að 9 tóftir fundust á svæðinu. Nokkrar tóftir eru á áætluðu framkvæmdasvæði.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir rannsakaði síðan fornleifarnar með uppgreiftri. Í skýrslu (gefin út 22.nóv 2017) frá henni kemur fram að tóftirnar sem eru inn á framkvæmdasvæðinu eru leifar heytófta, þ.e. upphækkaðra þústa með óverulegum veggjum þar sem heyi var stafað upp og það geymt. Rekstraraðili fór þá fram á leyfi til að raska tóftunum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og svaraði Minjastofnun Íslands því jákvætt með bréfi dagsettu 12. Desember 2017. Ekki er talin ástæða til að merkja minjar sem eru á landi Daðastaða sem greinilega er afmarkað með girðingu og framkvæmdasvæðið er innan lóðar.

Komi frekari fornleifar í ljós síðar í skipulagsferlinu eða þegar framkvæmdir hefjast mun Minjastofnun Íslands verða gert viðvart um leið samkvæmt lögum um menningarmínjar nr. 80/2012, 2. mgr. 24. gr.

Áhrif	Skýring	Vöktun
0	Fornleifarnar inn á framkvæmdasvæðinu eru einungis	Minjastofnun Íslands og almenn vöktun á framkvæmdatíma.

heytóftir og því áhrifin ekki talin talsverð.

### 5.5.6 UMFANG UMHVERFISÁHRIFA OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Umfang umhverfisáhrifanna er óverulegt að mestu leyti. Ekki er hægt að sjá að það verði samlegðaráhrif á umhverfisáhrifunum frá deiliskipulaginu.

Mótvægisáðgerðir sem gripið verður til eru vöktun á Núpsvatni og bygging hreinsistöðvar fyrir frárennsli fyrir ný ker.

## 5.6 VÖKTUN

Rekstraraðili er með virka vöktunaráætlun í samræmi við kröfur í gildandi starfsleyfi og viðskiptaaðila. Starfsleyfið og vöktunaráætlun vegna þess má sjá í Fylgiskjali 1. Sýnt hefur verið fram á að ótíð fóður hefur mest áhrif á umhverfi fiskeldis. Fóður er einnig kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu. Virkt eftirlit er haft með fóðrun í kerjum og henni stjórnad til að nýta það sem best. Reiknað er með að innan við 1% af fóðri tapist í eldinu. Notast er við framleiðslustýringarkerfið FishTalk. Í þetta kerfi verða færðar inn allar upplýsingar um daglegan rekstur svo sem fóðrun, dauða, flokkun, innsetningu, slátrun, meðalvigtarprufur, bóluefni, hita, seltu og margt fleira. Hægt er að skrifa út skýrslur um flest allt það sem hér er á undan talið, hvort sem er fyrir alla stöðina, einstaka ker, upprunahópa eða kynslóðir. Þetta kerfi er og mun áfram verða lykilverkfæri í öllu innra eftirliti sem og rekstri stöðvarinnar. Eins og kerfið er uppsett í dag nýtist það sem skráningartæki á öllu því sem dagbækur fiskeldisstöðva eiga að halda utan um samkvæmt reglugerðum og er tekið fullgilt sem slíkt.

Eins og áður hefur komið fram þá ætla rekstraraðili að vakta Núpsvatn og vistkerfi þess sem til stendur að koma í framkvæmd fyrir lok júní 2021. Reglubundin vöktun verður á líffræðilegum gæðapættum, vatnsformfræðilegum gæðapættum og efna- og eðlisfræðilegum gæðapættum. Í áætluninni er gert ráð fyrir því að taka jafnframt sýni úr öðru sambærilegu vatni á svæðinu og verða niðurstöður þeirra mælinga notaðar sem viðmið. Vöktunaráætlunin verður unnin í samvinnu við Náttúrustofu Norðausturlands þar sem áætlað er að fylgst verði m.a. með vatnshæð, grunnvatnshæð, hitastigi, sýrustigi og blaðgrænu.

Önnur vöktun í sambandi við helstu umhverfisáhrif verða:

- Vatnsbúskapur: Orkustofnun og Nytjavatnsskrá Veðurstofu Íslands.
- Frárennsli: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og MAST.
- Jarðmyndanir: Umhverfisstofnun og almenn vöktun á framkvæmdatíma af framkvæmdaaðila.
- Gróðurfar/lífriki: Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Fornleifar: Minjastofnun Íslands og almenn vöktun á framkvæmdatíma.

## 5.7 SAMANTEKT

Vatni og sjó sem þarf til eldisins er dælt úr borholum á svæðinu og drenlögnum sem staðsettar eru í fjörunni niður við sjávarmál. Í dag annar vatns/sjódæling að hámarki um 1.700 l/sek en áætluð vatnspörf er um 2.500 l/sek þegar framleiðsla hefur náð 3.000 tonnum. Aukinni vatnspörf til framleiðsluaukningar verður að mestu leyti náð með aukinni sjódælingu úr drenlögnum við sjávarmál. Reikna má með einhverri aukningu á dælingu úr borholum á volgu eða heitu ísöltu vatni að vetri til þegar sjór er kaldur. Áætlað er að endurnýta a.m.k. 50% af vatninu sem gerir starfsemina umhverfisvænni. Í rannsóknarskýrslum Orkustofnunar frá árunum 1987-1989 kemur fram að gnótt er af bæði heitu og köldu vatni á svæðinu, sem gera aðstæður til fiskeldis að Núpsmýri sérlega hentugar. Fyrirhuguð stækkunar áform fela í sér óverulega breytingu á dælingu úr borholum og mun því ekki hafa teljandi áhrif á grunnvatnssstöðu svæðisins.

Fiskeldið fer eftir ströngum skilmálum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og fylgir vöktunaráætlun skv. starfsleyfi. Í því felast reglubundnar mælingar á lífrænum efnum og svifögnum í frárennsli. Upplýsingar um

vöktun og önnur skilyrði má sjá í Fylgiskjali 1. Frárennsli stöðvarinnar fer í tvær settjarnir, sem uppfylla skilyrði um fyrsta stigs hreinsun samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Útrásin er um 1,9 km frá árósum út í Öxarfjörð. Brunná er að mestu jökulvatn frá Sandá sem er kvísl úr Jökulsá á Fjöllum. Viðtakinn er flokkaður sem ferskvatnsá en eiginleikar og vöxtur árinna sveiflast í takti við ástandið í Jökulsá á Fjöllum. Losunarmörk og vöktunarkröfur eru þar af leiðandi strangar en Umhverfisstofnun hefur ekki gert alvarlegar athugasemdir við starfsemina, og losun lífrænna efna hefur ávallt verið undir settum viðmiðum. Gert er ráð fyrir að frárennsli frá nýjum kerjum verði hreinsað í hreinsistöð sem gefur aukna möguleika á söfnun og nýtingu á lífrænum úrgangsefnum frá fiskeldinu. Ekki er gert ráð fyrir lyktarmengun af hreinsistöðinni.

Áhrif á vatnsbúskap eru neikvæð ef miðað er við enga starfsemi en ekki verður mikil breyting á umhverfisáhrifum vegna áforma um aukna framleiðslu. Aukin dæling á vatni fer að mestu fram sjódælingu úr sjóðrenum sem valda óverulegum, staðbundnum og afturkræfum áhrifum. Niðurstöður mælinga á frárennsli sýna að það er innan leyfilegra marka þótt viðtakinn sé flokkaður viðkvæmur (ferskvatnsá). Það sýnir að áhrifin af starfseminni eru takmörkuð.

Jarðrask mun verða við framkvæmdir á svæðinu og þá sér í lagi við gerð nýrra kerja, seiðastöðvar, hreinsistöðvar og hljóðmana. Lóðin er að mestu röskuð. Áhrif eru eingöngu staðbundin og því metin óveruleg.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið að mestu leyti Eyðimelavist (L1.1) en einnig Fjalldrapamóavist (L10.6). Áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verða eingöngu staðbundin á framkvæmdasvæðinu en óveruleg utan þess.

Ætla má að áhrif á varp verði mjög staðbundin næst framkvæmdasvæði og þá mest tímabundin vegna truflunar á framkvæmdatíma. Rekstraraðili telur að þrátt fyrir að vatnsmagn frá eldinu muni aukast, muni það ekki hafa teljandi áhrif á lífríki í árósum Brunnár. Eins og áður hefur verið bent á er um jökulvatn að ræða og gríðarmikinn framburð á aur yfir heitasta tíma ársins, en þar að auki kemur frárennslið í ána nálægt árósum til sjávar. Það hverfandi hætta á að fiskur sleppi til sjávar úr landeldi.

Staðbundin áhrif á gróðurfar og tímabundin áhrif á framkvæmdatíma á lífríki eru talin óveruleg.

Stækkun og aukin framleiðslugeta rekstraraðilans ásamt betri nýtingu núverandi mannvirkja mun hafa jákvæð og langvarandi áhrif á nærumhverfi félagsins. Störfum mun fjölga hjá félaginu tímabundið á framkvæmdatíma en varanlega að framkvæmdartíma loknum. Væntanleg fjölgun starfa er um 3-6 þegar framleiðsla hefur náð mestri leyfilegri framleiðslu skv. starfsleyfi. Efnahagur rekstraraðila mun batna með meiri framleiðslu og aukinni hagræðingu í orku- og vatnsnotkun. Öruggari og hagræmari rekstur fyrirtækisins skilar bættum framtíðarhorfum starfsmanna. Öll þjónusta sem félagið kaupir í dag mun aukast umtalsvert sem og öll vörukaup frá því sem nú er. Efnisleg verðmæti í nýjum atvinnu mannvirkjum eru jákvæð. Í heildina litið þá eru talsvert jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti.

Eftir að Minjastofnun benti á minjar innan svæðisins fól rekstraraðilinn á svæðinu fornleifafræðingi að skrá minjarnar og þá kom fram að 9 tóftir voru á svæðinu. Nokkrar tóftir eru á áætluðu framkvæmdasvæði. Tóftirnar voru síðan rannsakaðar með uppgreftir og þá kom í ljós að þetta voru leifar heytófta. Minjastofnun samþykkti þá að raska mætti þeim tóftum sem voru inn á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Áhrifin eru því talin óveruleg.

	Vatn og sjór	Land/sjávarbotn	Vistkerfi	Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúru- og menningarminjar
	Vatnsbúskapur/ Frárennsli	Jarðmyndanir	Gróðurfar/ Lífríki	Atvinnulíf og efnisleg verðmæti	Fornleifar
Áhrif	-	0	0	+	0

## 6 SAMRÁÐ OG KYNNING

### TILKYNNING (MATSKYLDUFYRIRSPURN)

Tilkynning (matskyldufyrirspurn) var send til Skipulagsstofnunar þann 1. mars 2017.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurbings, Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá:

- Norðurbingi þann 16. maí 2017.
- Fiskistofu þann 24. mars 2017.
- Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra þann 27. mars 2017.
- Matvælastofnun þann 27. mars 2017.
- Minjastofnun Íslands þann 31. mars og 28. apríl 2017.
- Orkustofnun þann 5. apríl 2017.
- Umhverfisstofnun þann 23. mars og 16. maí 2017.

Rekstraraðili sendi frekari upplýsingar til skipulagsstofnunar þann 31. mars og 11. apríl 2017. Skipulagsstofnun sendi frá sér, 9. júní, ákvörðun um að stækkun fiskeldis á Núpsmýri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Eins og fyrr segir benti Minjastofnun Íslands á tóftir innan svæðisins og eftir fornleifaskráningu og rannsóknir með uppgreiftri hafði rekstraraðili samband við MÍ aftur til þess að fá leyfi til að raska hluta af tóftunum. 12. desember barst síðan jákvætt svar frá MÍ.

### SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

Skipulags- og matslýsing (útgáfa 1.1) dagsett 28.03.2018 var kynnt í skipulags- og umhverfisnefnd þann 17. apríl 2018 og samþykkt til kynningar. Skipulags- og matslýsingin var send til Skipulagsstofnunar og annarra hagsmunaaðila þann samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í svari sínu óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umsagnir bárust frá 7 aðilum:

- Minjastofnun þann 18. maí 2018
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra þann 22. maí 2018
- Umhverfisstofnun þann 29. maí 2018
- Skipulagsstofnun þann 30. maí 2018
- Gunnar Einarsson og fjölskylda á Daðastöðum þann 30. maí 2018
- Vegagerðin þann 31. maí 2018
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 25. júní 2018

Fjallað var um athugasemdir og þær bókaðar á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurbings þann 26.06.2018.

### DEILISKIPULAG

Kynning á deiliskipulaginu, forsendum þess og umhverfismati var haldin fyrir íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila á almennum fundi, samkvæmt gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þann 8. desember 2020. Athugasemdir og ábendingar komu frá tveimur aðilum í kjölfar kynningarfundarins sem horft var til við endanlega mótun deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum var heimilt að gera athugasemd við deiliskipulagið innan auglýsts athugasemdafrests. Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra þann 27. janúar 2021
- Gunnar Einarsson, Daðastöðum þann 14. febrúar 2021
- Skipulagsstofnun þann 25. febrúar 2021
- Minjastofnun þann 3. mars 2021
- Samherji fiskeldi ehf. þann 5. mars 2021
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga þann 8. mars 2021
- Vegagerðin þann 11. mars 2021
- Náttúrufræðistofnun þann 12. mars 2021
- Umhverfisstofnun þann 15. mars 2021

Brugðist var við athugasemdum eftir atvikum eins og nánar er bókað um í fundargerðum skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings 30. mars og 13. apríl 2021.

Athugasemdir frá Skipulagsstofnun bárust 14. júní 2021 og var brugðist við þeim.

## 7 HEIMILDIR

Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. (2017). *Fornleifaskráning vegna stækkunar fiskeldis Íslandsbleikju að Núpsmýri, Öxarfirði*. 2017/182. Bygðasafn Skagfirðinga, Rannsóknarskýrslur.

Heiðdís Smáradóttir. (1. mars 2017). *Stækkun fiskeldis Íslandsbleikju ehf. að Núpsmýri í Öxarfirði úr 1.600 tonnnum í 3.000 tonn*. Tilkynning Íslandsbleikju ehf. til Skipulagsstofnunnar. Íslandsbleikja ehf., Akureyri

Lúðvík S. Georgsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson, Magnús Ólafsson, Ómar Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað. (1989). *Skilyrði til fiskeldis í Öxarfirði – Ferskvatn, jarðsjór, jarðhiti og rannsóknarboranir*. Sérverkefni í fiskeldi 1987 og 1988. Orkustofnun OS-89041/JHD-08

Norðurþing. (2010). *Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030*. Sótt 18. október 2017 af: <https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/skipulagsmal/adalskipulag>

Margrét Silja Þorkelsdóttir. (16. Júlí 2018) *RE: vegna deiliskipulags*. Vegagerðin.

Skipulagsstofnun. (2016). *Landsskipulagsstefna 2015-2026*. Sótt 18. október 2017 af: [http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna\\_2015-2026\\_asamt\\_greinargerð.pdf](http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerð.pdf)

Skipulagsstofnun. (9. júní 2017). *Ákvörðun um matskyldu*. Sótt 18. október 2017 af: <http://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/staekkun-fiskeldis-islandsbleikju-ad-nupsmyri-i-oxarfirdi-nordurthingi>

Thorarensen, H & Farrel, A.P. (2011). *The biological requirements for post-smolt Atlantic salmon in closed-containment systems*. Aquaculture 312 1-14

## 8 FYLGISKJÖL

Starfsleyfi. Samherji fiskeldi ehf. , Núpsmýri í Öxarfirði. Umhverfisstofnun, 31. janúar 2019.